

✉ Re: Umsagnarbeiðni-Færsla Eyjafjarðarbrautar vestur (821) út fyrir þéttbýli Hrafnagilshverfis

Búið til	19.5.2021 14:10:43
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	19.5.2021 14:10:41
Tilheyrir	📁 202105-0002 - Færsla Eyjafjarðarbrautar vestur (821) út fyrir þéttbýli Hrafnagilshverfis, umsagnarbeiðni

Efni

Re: Umsagnarbeiðni-Færsla Eyjafjarðarbrautar vestur (821) út fyrir þéttbýli Hrafnagilshverfis

Upplýsingar

Sent	19.5.2021 14:10:41	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Tinna.Jonsdottir@skipulag.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202105-0002 (SS).

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Skipulagsstofnun dags. 3. maí 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldu framkvæmdar Vegagerðinnar á færslu Eyjafjarðarbrautar vestur (821) út fyrir þéttbýli Hrafnagilshverfis.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir gögn sem fylgja tilkynningu framkvæmdaraðila og telur nægjanlegar upplýsingar fyrir hendi til að skera úr um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Um er að ræða nýbyggingu á 3,1 km löngum stofnvegi auk samtals 0,5 km tenginga inn í þéttbýli og að býlum. Framkvæmdin fer að töluverðu leyti fram á þegar röskuðu svæði, á áreyrum sem hefur verið raskað vegna efnistöku og á ræktuðum túnum.

Áhrif á landslag og gróðurlendi eru minniháttar. Þó ber að geta þess að plöntutegundin maríulykill, sem er skilgreind sem tegund í hættu (EN) á valista Náttúrufræðistofnunar fyrir æðplöntur, hefur fundist í nágrenni Hrafnagils. Plöntunni hefur fækkað undanfarið og því mikilvægt að varðveita þá fundarstaði sem vitað er um en innanverður Eyjafjörður er meginfundarstaður hennar á Íslandi. Nokkuð er síðan útbreiðsla plöntunnar var könnuð og þess vegna telur Náttúrufræðistofnun skynsamlegt að athuga hvort hún finnst í og við framkvæmdasvæðið en hún vex m.a. á deigum árbökkum.

Lítið er fjallað um áhrif á fuglalíf. Fuglalífið hefur ekki verið kannað sérstaklega á svæðinu. Ólíklegt er að mikilvæg fuglabúsvæði raskist en tegundir eins og sandlóa, tjaldur, kría og ýmsar máfategundir geta nýtt sér sendna árbakka og -eyrar sem varplönd. Ýmsir fuglar nýta sér tún og annað ræktarland við fæðuöflun en slík búsvæði eru mjög algeng í Eyjafjarðarsveit og því um mjög litla röskun að ræða með vegaframkvæmdinni.

Mest hættu er á að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á lífríki Eyjafjarðarar. Eyjafjarðará er flokkuð í straumvatnsvistgerðina „ár á eldri berggrunni, án votlendisáhrifa“. Um er að ræða algenga vistgerð með lágt verndargildi.

Í minnisblaði frá umsjónarmanni fiskirannsóknna segir að sá hluti árinna sem verður fyrir raski hafi frekar lítið gildi sem búsvæði fyrir laxfiska. Svæðið virðist ekki vera mikilvægt hrygningarsvæði eða dvalarsvæði seiða. Almennt eru áhrif efnistöku á lífríki straumvatna minni þegar um er að ræða rask á breytilegum sandeyrum en t.d. rask á grónum bökkum. Mesta hættan er af gruggmyndun og flutningi sets og áhrifum þess á lífríki. Velja þarf framkvæmdatíma vandlega með tilliti til þess og eru vetur og vor mun heppilegri tími en sumar og haust. Nákvæmar ráðleggingar er að finna í minnisblaðinu um hvernig haga megi framkvæmdinni þannig að minnstar líkur séu á að efnistaka og annað rask valdi tjóni á lífríki. Mikilvægt er að mati Náttúrufræðistofnunar að þeim sé fylgt í hvívetna.

Áhrif á jarðminjar verða frekar lítil, veglínan liggur alfarið á framburði Eyjafjarðarar og setlög í áreyrum þar sem efnistaka fer fram endurnýjast að miklu leyti með nýjum framburði, og óafturkræft klapparnám er að mestu á áður röskuðu svæði. Náttúrufræðistofnun vill þó benda á að efnistaka í áreyrum og á árbökkum getur alltaf leitt af sér aukna rofhættu sem þarf að fylgjast með.

Að mati Náttúrufræðistofnunar eru líkleg umhverfisáhrif af framkvæmdinni ekki talin vera það mikil eða alvarleg að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum skv. ákvæðum laga nr. 106/2000.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sérfræðingur á sviði náttúru- og umhverfismála.

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Tinna Jónsdóttir - SLS" <Tinna.Jonsdottir@skipulag.is>

To: "Eyjafjarðarsveit" <esveit@esveit.is>; "Heilbrigðisefirlit Norðurlands eystra" <hne@hne.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "Guðni Magnús Eiríksson - FISK" <Gudni.M.Eiriksson@fiskistofa.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "OS netfang" <os@os.is>; "Veðurstofa Íslands" <skrifstofa@vedur.is>; "Land.is - LAND" <land-land@land.is>

CC:

Subject: Umsagnarbeiðni-Færsla Eyjafjarðarbrautar vestur (821) út fyrir þéttbýli Hrafnagilshverfis

Date: 3.5.2021 09:36:32

Góðan dag,

Meðfylgjandi er rafræn greinargerð ásamt viðaukum vegna ofangreindar framkvæmdar. Formleg umsagnarbeiðni ásamt útprentaðri greinargerð, án viðauka, hefur verið póstlögð.

Umsögn óskast send á skipulag@skipulag.is (mailto:skipulag@skipulag.is) og tinna.jonsdottir@skipulag.is (mailto:tinna.jonsdottir@skipulag.is) fyrir **19. maí nk.**

Með kveðju,/ Kind regards,

Tinna Jónsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

Tinna.Jonsdottir@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.png (5 KB)